



# LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/1054*  
*komudagur 20.12.2010*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2010

**Efni:** Umsögn Landssambands veiðifélaga um frumvarp til laga um stjórn vatnamála, þskj. 344 – 298 mál.

Landssambandi veiðifélaga hefur borist bréf frá umhverfisnefnd Alþingis þar sem gefinn er kostur á umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála, þskj. 344 – 298 mál.

Stjórn Landssambands veiðifélaga leggur áherslu á að 5. gr. frumvarpsins, um Vatnaráð, verði breytt á þann veg að frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga verði einn fulltrúi í Vatnaráði (í stað tveggja) og að Landssamband veiðifélaga fái fulltrúa í ráðið.

Benda má á að Landssamband veiðifélaga hefur lögboðnu og viðamiklu hlutverki að gegna við stjórn vatnamála, sbr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, og því eðlilegt að í Vatnaráði verði fulltrúi frá LV.

Virðingarfyllst,  
fh. LV

Óðinn Sigþórsson,  
formaður LV